

17. des '09

44. fundur Sveitarstjórnar Langanesbyggðar föstudaginn 10. júlí 2009 kl. 12:00 haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, fundurinn er framhaldsfundur vegna gatnagerðamála.

Mætt voru: Jóhanna Helgadóttir, Hilma Steinarsdóttir, Siggeir Stefánsson, Árni Davíð Haraldsson, Hulda Sigurðardóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.
Engar athugasemdir voru gerðar.
Oddviti bauð fundarmenn velkomna.

DAGSKRÁ:

1. Gatnagerð á þórshöfn framhald af fundi nr. 43.

- *Farið var yfir þær tillögur sem Birni Sveinssyni frá VERKÍS var falið skoða. Um var að ræða tvær áður lagðar götur og skólaplanið en varðandi skólaplanið voru vangaveltur um hvort setja ætti á það yfirlag eða malbik og er tillaga Björns sú að planið ætti að malbika þar sem yfirlögn yrði aldrei góð. Hvað varðar áður lagðar götur er kostnaðurinn óverulegur og er það því tillaga sveitarstjóra að haldið verði áfram með það sem lagt var af stað með í upphafi, það að segja, að leggja á allar götur enda er þetta stórt og mikið verk sem yrði kostnaðarsamt að byrja á aftur eftir einhver ár. Jafnframt hvetur sveitarstjórn íbúa og fyrirtæki sveitarfélagsins að nota tækifærið og láta malbika eða setja slitlag hjá sér þar sem þörf er á.*

Samþykkt samhljóða.

- *Rætt var um hvort ljúka ætti við gámasvæðið með rampi og geymsluplani og girðingu í kring ásamt klóakútrás við Langanesveg. Tillaga sveitarstjóra er að því verki verði einnig lokið.*

Samþykkt samhljóða.

- *Sveitarstjóri sagði að til að þetta gæti gengið eftir væri ljóst að sveitarfélagið yrði að taka lán þar sem kostnaður er orðinn töluvert meiri en gert var ráð fyrir í upprunalegri kostnaðaráætlun en fyrir því eru margar ástæður eins og sveitarstjórnarnamen hafa verið upplýstir um.*
- *Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að sækja um lán að fjárhæð 30.000.000,- kr. til Lánasjóðs sveitarfélaga.*

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45

Fundargerðin er ein blaðsíða.

*Hilma Steinarsdóttir
Jóhanna Helgadóttir
Hulda Sigurðardóttir*

*Árni Davíð Haraldsson
Siggeir S.*